

MAÐUR OG BORG, PARÍS OG ÞRÍHJÓL

Sumarsýning Kjarvalsstaða var opnuð í gærkvöldi og kennir þar margra grasa. INGA MARÍA LEIFSDÓTTIR tók púlsinn á sýningunni og ræddi við tvo unga listamenn sem eiga verk á sýningunni, þau Þórodd Bjarnason og Bjargeyju Ólafsdóttur.

ÝMISLEGT spennandi má sjá í söluum Kjarvalsstaða frá og með deginum í dag, þegar sumarsýning Kjarvalsstaða er hafin. Á sýningunni gefur að líta verk tæplega fimmtíu listamanna og eru þau dagsett allt frá árinu 1927 til síðasta árs. Þetta rúmlega sjötíu ára tímabil býður að sjálfsögðu upp á mikla breidd í framsetningu og túlkun á viðfangsefnum og unnt að sjá svipaðar hugmyndir settar fram með ólíkum hætti. Hinn sameiginlegi þráður í verkunum á sumarsýningunni að þessu sinni er maður og borg, upplifun listamannsins á borgarlandslaginu, götum, húsum og borgarlífinu, sem og sambýlinu við annað fólk, samkennd, einmanaleika, hópkennd og einstaklingshyggju.

Klisjan um París

Hver listamaður á sýningunni nálgast þemað á sinn hátt, en verkin bera einnig merki þess tíðaranda sem þau eru sprottin úr. Þannig er til dæmis athyglisvert að bera saman elsta verkið á sýningunni, hina þekktu stytta af Nótt í París eftir Ásmund Sveinsson frá árinu 1927, og eitt af þeim yngstu, Ljóskur í París, eftir Bjargeyju Ólafsdóttur, og sjá hin ólíku tók á því náskylda viðfangsefni sem endurspeglast í titlinum. „Í verkinu mínu er ég einmitt að taka á þessari gömlu rómantik sem er til staðar í kring um París almennt, um myndlistamenn í París og svo framvegis,“ segir Bjargey en verkið var einmitt unnið þar á sínum tíma. „Ég dvaldi í Kjarvalsstofu meðan á gerð verksins stóð, gagnert til þess að upplifa klisjuna enn frekar. París er frábær og ég er komin í samstarf við gallerið Claude-Samuel þar í borg, þannig að það er langt frá því að ég sé búin með Parísarklisjupakkann.“

Verk Bjargeyjar er skyggnumyndasýning með tónlistarundirleik og fjallar um tvær íslenskar stelpur og drukkin samskipti þeirra við franskan mann. Hún segir að verkið sé í takt við þau verk sem hún hefur unnið að undanförunu. „Verkin mín snerta oft á einhverjum suttu; ofbeldi, drykkju, afbrýðisemi og annarri óáran. Einnig er um leið alltaf fantasía, kaldhæðni og glamúr ríkjandi í verkunum mínum,“ segir Bjargey, en til dæmis fjallar verk sem hún hefur gert um tannlækni sem flýgur og sænska vampýru.

„Ljóskur í París fjallar um norrænt fylleri. Klisjan um norrænu konuna, sem sé alltaf full og uppi í rúmi hjá útlendingum, er tekin fyrir. Svo gerist kannski ekkert milli þeirra, vegna þess að hún er svo full. Þessi klisja er til dæmis eitt af aðal sölutrixum Flugleiða til þess að draga hingað til lands útlenska karla,“ segir listakonan, sem segist ekki komast að neinni sérstakri niðurstöðu í verkinu. „Fólk verður bara að draga sínar eigin ályktanir. Ég kem ekki með neinar lausnir.“

Verkið er fyrsta skyggnumyndasýning Bjargeyjar, en síðan hefur hún gert aðra slíka fyrir Nútímalistasafnið í Stokkhólmi. Ljóskur í París var keypt af Listasafni Reykjavíkur í vor, en Bjargey gerði verkið árið 1999 fyrir sýningu í galleri-@hlemmur.is. Tónlistina undir myndirnar gerði Kristján Eldjárn gítarleikari. „Ég bað hann að gera tónlist fyrir verkið til að skapa frekari stemmningu. Það má segja að hún sé frekað viruð,“ segir Bjargey. „Hún er gerð á rafmagnsgítar og á svolítið skemmtilegan hátt. Það eru tveir diskar sem eru spilaðir, annar með laglínunni og hinn með bassanum. Svo ganga diskarnir saman, þannig að tónlistin virkar eins og tvö tannhjól. Útkoman getur þessvegna verið allavega, og tónlistin undirstrikar þannig vandræðaganginn í þessum stelpum á myndunum, sem verkið fjallar um.“

Börn á þríhjólu

Verk Þórodds Bjarnasonar á sumarsýningunni ber heitið Takið börnin ykkar með og er innsetning með nokkrum sterklituðum þríhjólu. Ætlinin er að börn sem sækja sýninguna geti hjólað á



Þríhjóla Þórodds Bjarnasonar í verkinu Takið börnin ykkar með, sem börn geta notað að vild.



Bjargey Ólafsdóttir við kassann þar sem skyggnumyndasýning hennar fer fram.



Nótt í París eftir Ásmund Sveinsson er meðal verkanna á sýningu Kjarvalsstaða.

þeim um safnið. Verkið er eitt af nýjustu aðkaupum Listasafns Reykjavíkur, en það var keypt í vor og strax notað í sýninguna. Aðspurður um

sínar þælingar varðandi tengsl verksins við þessa sýningarinnar, segir Þóroddur að fyrst og fremst sé þetta sýning sem gaman væri að sjá í borg. „Meginmarkmiðið er að þetta sé fallett að sjá. Þegar ég fékk hugmyndina að verkinu fyrir mörgum árum snerist hún um þessa sýningu að sjá hóp af börnum hjóla á opnu svæði. Nú hjóla þau um safnið og er frjálst að fara hvert sem þau vilja á hjólunum innan þess. Fólk getur kannski séð sjálfst sig í börnunum á ferð um leyndardóma safnsins,“ segir Þóroddur og bætir við að verkið hafi tekist vel þegar það var sett upp í Osló árið 1998. „Ég vona að hérna verði þau líka óhrædd við að taka þátt. Þetta er auðvitað líka ástæða fyrir þau að koma á safnið. Þau geta þá hjólað á meðan foreldrarir njóta annarar listar.“

Þóroddur segir að verkið sé í anda þeirra viðfangsefna sem hann sé að fást við um þessar mundir, til dæmis um hóp og sameiginleg áhugamál. „Þríhjólahópurinn er alveg eins og mótörhjólaflúbbur, ef maður yfirfærir þetta á fullorðna,“ segir Þóroddur og hlær. „Þeir sem eru í þannig hópnum hittast gjarnan í þeim eina tilgangi að hjóla saman og götur borgarinnar eða vegi landsins. Í verkinu mínu er sama stemmningin á ferðinni, nema bara hjá börnum.“ Börn hafa hingað til ekki verið sérstakt viðfangsefni í verkum Þórodds. „Maður hrifst bara af forminu á þríhjóluunum og litunum,“ segir hann. „Svo reyni ég yfirleitt að hafa verkin mín opin og flæðandi þannig að þau bjóði fólk velkomin.“

ingamaria@mbl.is

ERLENT

Klám og skyndibitar vekja athygli Turner-dómara

KLÁM, skyndibitar og kvikmyndir eru meðal viðfangsefna þeirra fjögurra listamanna sem tilnefndir eru til Turner-verðlaunanna í ár. Verðlaunin nema um 2,6 milljónum króna og eru þau hæstu sem veitt eru



Eitt verka Fionu Banner.

innan breska listahéimsins. Þau þykja jafnan nokkuð umdeild, en meðal verka Martin Creed, sem

vann Turner-verðlaunin á síðasta ári, má nefna tómt gallerí þar sem kveikt var og slökkt á ljósum til skiptis.

Að þessu sinni eru það listamennirnir Fiona Banner, Liam Gillick, Keith Tyson og Catherine Yass sem hafa verið tilnefnd og þykja verk þeirra ná yfir mjög breitt svið.

Banner skapar m.a. þrívíðar innsetningar, en er hvað þekktust fyrir að skrá á stóra striga túlkun sína á því sem hún sér í kvikmyndum. Á einni sýningu bauð hún þannig sýningargestum upp skrásetningu sína á klámkvikmynd. Verk Gillicks, sem er yngstur listamannanna, hafa hins vegar mikið verið unnið sem innsetningar úr plexigleri, áli og víð og vill hann þar með vekja upp spurningar um hið manngerða umhverfi okkar. Tyson er þá hvað þekktastur fyrir vélskúlptúra sína sem m.a. hafa byggt á skyndibitaæði og Yass fyrir líflégar og skærliðaðar ljósmyndir.

Turner-verðlaunin eru, líkt og áður sagði, nokkuð umdeild og hafa m.a. verið gagnrýnd fyrir að sniðganga „hefðbundna“ listsköpun. Að mati Stephen Deuchar, framkvæmdarstjóra Tate er það þó ekki hlutverk verðlaunanna að sýna þversnið nútímalista í heild sinni. „Turner-verðlaunin [...] draga athygli manna að framúrsteftulegri list,“ segir Deuchar.

Ævintýralegr list í Óðinsvéum

UNNIÐ er að því að koma skúlptúrum eftir 17 þekktu danska listamenn fyrir í Óðinsvéum og í nágrenni. Sýningin, sem er að öllu leyti staðsett utandyra, verður formlega opnuð síðar í mánuðinum. En verkunum er ýmist dreift um Ævintýragarðinn í miðborg Óðinsvéa eða um íbúðarhverfið Vollemose sem er í úthverfi borgarinnar.

Sumarskúlptúrsýningar á borð við þessa hafa jafnan verið haldnar í borginni þrjú eða fjórdá hvert ár og þykir staðall þeirra verka sem þar eru sýnd að öllu jöfnu mjög hár.

Í ár er listnar stjórnun sýningarinnar í höndum myndhöggvarans Elisabeth Toubro og hefur hún valið verk listamanna sem bæði vinna í hefðbundna miðla sem og með miðla á borð við ljósmyndir, myndbandsverk og innsetningar. En meðal þeirra sem verk eiga á sýningunni má nefna Torben Ebbesen, Thomas Bang, Kristen Ortwed og Finn Reinbothe sem unnið hafa stök verk fyrir sýninguna. Á meðan að yngri listamenn á borð við þá Cai Ulrich von Platen og Jørgen Carlo Larsen vinna hins vegar tveir og tveir saman.